Akureyrarbær

# Stefnur, gögn og kjör nefndamanna

Halla Margrét Tryggvadóttir, sviðsstjóri mannauðssviðs

13. júní 2022

# Umfjöllunarefni:

Akureyrarbær

- Gögn fyrir ráð og nefndir
- Mannréttindastefna
- Stefnur sveitarfélagsins
- Stjórnendahandbók og starfsmannahandbók
- Launaseðlar
- Launatímabil
- Skil kjörinna fulltrúa og nefndamanna á upplýsingum vegna launagreiðslna
- Hagsmunaskráning og samskiptaferlar
- Reglur um launakjör og starfsaðstöðu bæjarfulltrúa og nefndamanna
- Vinnuhópar og erindisbréf

# Gögn fyrir ráð og nefndir

Akureyrarbær

Samantekið efni fyrir fastanefndir er aðgengilegt á einum stað á heimasíðu Akureyrarbæjar en er ekki afhent á pappír.

Dæmi um efni sem má nálgast: samþykktir, reglur, verklagsreglur, fundargerðir, fundaáætlun og fl.

Sjá hér: https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/gogn-fyrir-rad-og-nefndir

Sviðsstjórar og starfsmenn nefnda bera ábyrgð á að senda gögn á mannauðsdeild sem sér um viðhald efnisins á heimasíðunni.

Ábendingar og fyrirspurnir: mannauðsdeild@akureyri.is

# Mannréttindastefna

Akureyrarbær

- Endurskoðuð mannréttindastefna var samþykkt í bæjarstjórn 12. apríl 2022.
- Bæjarráð tók þá við hlutverki sem jafnréttisnefnd sveitarfélagsins.
- Mannauðssvið tók á sama tíma við ábyrgð á eftirfylgni með framkvæmd stefnunnar, verkefni sem áður var hjá samfélagssviði.
- Bæjarstjórn ber skv. lögum að endurskoða stefnuna innan árs frá kosningum.

# Mannréttindastefna

Akureyrarbær

- Fjöldi aðgerða/verkefna er að finna í stefnunni. Öll ráð og svið eiga skilgreind verkefni í aðgerðaáætlun stefnunnar en þó mismörg og misumfangsmikil.
- Hluti aðgerða eru tímasettar en aðrar eru viðvarandi verkefni.
- Tvö verkefni þurfa ráð að taka til umfjöllunar og afgreiðslu í upphafi kjörtímabilsins.

# Mannréttindastefna

Akureyrarbær

## Þróunarleiðtogar

Þróunarleiðtogar séu málsvarar kynjasamþættingar og mannréttinda og hafi innsýn og þekkingu á mannréttindum. Þróunarleiðtogar fái námskeið og fræðsluefni. Sameiginlegir fundir verði með þróunarleiðtogum.

| Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|---|---|
| Hvert ráð tilnefni þróunarleiðtoga og sviðsstjórar hverju sinni eru þróunarleiðtogar sviða. | Bæjarstjóri og mannauðsdeild. | Þróunarfulltrúar skulu skipaðir á fyrsta fundi ráða og stjórna eftir sveitarstjórnarkosningar og birt á heimasíðu Akureyrarbæjar hverjir eru skipaðir. |

# Mannréttindastefna

Akureyrarbær

- Sú breyting var gerð á mannréttindastefnunni að fjalla ber um aðgerðir í  stefnunni í starfsáætlunum.
- Svið og ráð þurfa því að endurskoða starfsáætlanir ársins 2022 og bæta aðgerðum viðkomandi málaflokks sem fram koma í mannréttindastefnunni í starfsáætlanir.

# Mannréttindastefna

Akureyrarbær

Mannauðssvið mun kalla eftir upplýsingum um stöðu verkefna frá sviðum og ráðum í ágústmánuði ár hvert.

| Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|---|---|
| Árlega farið yfir stöðu verkefna í bæjarráði. | Sviðsstjóri mannauðssviðs. | Lokið í september ár hvert. |

# Stefnur sveitarfélagsins

Akureyrarbær

- Stefnur sveitarfélagsins sem samþykktar hafa verið af bæjarstjórn eru í dag 16 talsins. Fjalla um málaflokka og starfsemi sveitarfélagsins.

- Kynningar á stefnum sveitarfélagsins munu fara fram síðar á árinu. Lögð verður áhersla á að kynna fyrst stefnur sem innihalda aðgerðir og verkefni sem krefjast umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar.

# Starfsmannahandbók og stjórnendahandbók

Akureyrarbær

Tvær gagnlegar handbækur á heimasíðu Akureyrarbæjar:

- https://www.akureyri.is/starfsmannahandbok

Ábendingar og fyrirspurnir: starfsmannahandbok@akureyri.is

- https://www.akureyri.is/stjornendahandbok

Ábendingar og fyrirspurnir: stjornendahandbok@akureyri.is

# Launaseðlar

Akureyrarbær

- Launaseðla má nálgast á www.eg.Akureyri.is. Sá vefur verður tekinn úr notkun síðar á árinu.
- Kjörnir fulltrúar eru hvattir til að tileinka sér frá upphafi notkun á appi island.is til að skoða launaseðla en þar má finna þá undir hnappnum Skjöl. Einnig er hægt að skoða þá undir mínar síður á heimasíðu island.is.
- Unnið er að lokaskrefum innleiðingar á notkun island.is til birtingar á launaseðlum og launamiðum sveitarfélagsins frá mars 2006 til dagsins í dag og fer lausnin í almenna kynningu um leið og innleiðingu er lokið.
- Launatímabil hjá Akureyrarbæ er frá 13. hvers mánaðar til 12. næsta mánaðar.

# Launatímabil

Akureyrarbær

- Launatímabil hjá Akureyrarbæ er frá 13. hvers mánaðar til 12. næsta mánaðar vegna greiðslna fyrir setinn fund.
- Launatímabil vegna fastra greiðslna  er frá mánaðamótum til mánaðarmóta. Dæmi, föst laun fyrir setu í bæjarstjórn.

# Skil kjörinna fulltrúa á gögnum vegna launagreiðslna

Akureyrarbær

- Skila þarf upplýsingum og gögnum vegna launagreiðslna í gegnum þjónustugátt Akureyrarbæjar, sjá þar flipann: Launa, mannauðs- og starfsmannamál.
- Aðgangur að þjónustugátt er á forsíðu www.akureyri.is.  Innskráning er með notkun á rafrænum skilríkjum eða íslykli.

# Skil kjörinna fulltrúa á gögnum vegna launagreiðslna

Akureyrarbær

Fylla þarf út eftirfarandi form í þjónustugátt eins og við á:

01 Nýting persónuafsláttar

02 Nýting persónuafsláttar maka

04 Stjórnmálaflokkar, yfirlýsing um afsal hluta launagreiðslna

05 Beiðni um greiðslu í annað skattþrep

17 Upplýsingar um bankaupplýsingar vegna launagreiðslna

# Skil kjörinna fulltrúa á gögnum vegna launagreiðslna

Akureyrarbær

- Vegna 04 Stjórnmálaflokkar, yfirlýsing um afsal hluta launagreiðslna til stjórnmálaflokka þá er vakin athygli á að kjörnir fulltrúar og nefndamenn sem störfuðu á síðasta kjörtímabili þurfa að endurnýja yfirlýsingu um afsal hluta launagreiðslna. Eldri yfirlýsingar eru fallnar úr gildi.
- Ef greiða á í séreignarlífeyrissjóð þarf að skila samningi þar um til launadeildar.

# Hagsmunaskráning, samskiptaferlar og fræðsla

Akureyrarbær

- Boðað verður til fræðslu vegna hagsmunaskráningar bæjarfulltrúa í næstu viku.
- Boðað verður til umfjöllunar um samskiptaferla kjörinna fulltrúa og nefndamanna síðar í sumar.
- Þjónustu- og skipulagssvið mun upplýsa síðar um fyrirkomulag skráningar kjörinna fulltrúa í rafræna fræðslu á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

# Reglur um launakjör og starfsaðstöðu

Akureyrarbær

- Bæjarráð hefur það hlutverk að koma með tillögu að og samþykkja reglur um launakjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa.
- Reglurnar eru samþykktar í bæjarstjórn.
- Núgildandi reglur sjá hér: https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/gogn-fyrir-rad-og-nefndir/kjor-nefndarmanna
- Taxti eins og hann er á hverjum tíma er birtur á heimasíðu Akureyrarbæjar sjá hér:

  https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/gogn-fyrir-rad-og-nefndir/kjor-nefndarmanna/launakjor-nefndarmanna

# Vinnuhópar og erindisbréf

Akureyrarbær

- Ákveði bæjarstjórn eða fastaráð að setja á fót launaðan vinnuhóp þarf að koma fram í bókun ráðs ef lagt er til að greitt verði fyrir fundarsetu.
- Ef ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna launa vinnuhóps í samþykktri fjárhagsáætlun þarf að óska eftir samþykki bæjarráðs fyrir viðauka vegna starfs vinnuhóps áður en vinna hópsins hefst.
- Við upphaf starfs slíkra hópa skal liggja fyrir erindisbréf og skal nota form sem fylgir í viðhengi, við gerð þess.
- Undirrituðu erindisbréfi skal skila til bæjarstjóra <u>áður</u> en vinna hópsins hefst.

# Vinnuhópar og erindisbréf

Akureyrarbær

- Við gerð erindisbréfs skal nota form sem er fylgiskjal með reglum um nefndalaun.
- Greiðsla nefndalauna vegna vinnu í starfshópum fer fram tvisvar á ári, í byrjun júlí og lok desember ár hvert, skv. ljósritum af undirrituðum fundargerðum eða þegar vinnu lýkur formlega, með skilum fundargerða til forstöðumanns þjónustu- og þróunar á samfélags- og skipulagssviði.
- Starfsmenn Akureyrarbæjar fá ekki greiðslur fyrir slíka fundi.

# Spurningar?

Akureyrarbær

Ekki hika við að hafa samband ef frekari spurningar vakna siðar.

Netfang: halla@akureyri.is, sími: 460 1072,farsími: 897 0239

Takk fyrir í dag og gangi ykkur vel í störfum ykkar!